

HEIMIR



VI. árgangur

WINNIPEG, 1910.

7. blað.

Til Kvennfreliskonunnar

Láttu ekki hopa huga þinn
horfandi í vonbrigðaspegilinn,
fjaðrahatts elskaði engillinn !
Uppáhaldsvera guðs og manna,
framhrinding orða og anna,
ylkveikjan hugsananna.

Og settu ekki blóð þitt í suðuhita
þótt sóknin sé erfið og þungt að strita,
en kveiktu með hæversku á háttprýðis vita
svo heimurinn fegrist og birti þig kringum.
Ver framsýn og ráðsnjöll á þínum þingum.

Þú nútíðar hugrými heldur þér kýs
en hafa þíns valds sess í Paradís,
sem dálætið gaf þér. Finst voði þar vís
og verði þér óholl sú kitra —
Sért fangelsuð innra og ytra.

Er Maí og Júní með ársólar yl
 í Eden þinni ei lengur til?—
 Er dýrðin þín öll orðin draumaspil,
 og deyjandi glampar á ósum?
 Er fölnaður roðinn á rósum?

Og hefirðu bikar hvers blóms þar tæmt?
 Er bragðvont hunangið nú og slæmt?
 Er lystin horfin? Og logar nú dræmt—
 er lítil olfa á kveyknum
 og remma í kverkum af reyknun?

En finnst þér ei breyting við framtíðarhátt?
 Að fortíðarleiknum þú hlóst svo dátt!
 Er brúðan þín málaða brotin í smátt
 og borgin úr spilunum hrunin?
 er dómurinn yfir þær duninn?

Þín virkileg menning á langt til lands
 þótt logi upp af gullfúlgu sannleikans,
 því depra er á augum og innræti mans
 og allmargt í þoku og vafa.
 Menn greinir á hvar skuli grafa.

Hvar grafa skuli eftir gullinu því,
 sem geymt er því djúpsokkna jarðlagi í—
 þeim málm, sem aldrei nær þjófur og þý,
 en þúsundir árána finna
 á hafsbofni hugsana sinna.

Og þú verður aldrei að eilífu frjáls
 með eldgosum skaps þíns og hita þíns máls,
 og ekki þótt kvennham þinn berir til báls.

ef brennir ei gæfunnar fjanda—
sóttkveikjuefnið í anda.

En hvað sem þér auðnast og hvert sem þig ber,
sé hvervetna sólskin og hlýja með þér,
því kuldinn er fullnógur eins og hann er.
Með yl skaltu honum mæta,
og blíðka lífið og bæta.

KR. STEFÁNSSON

ÞJÓÐERNISVERNDUN

Um fátt hefir verið meira rætt og ritað á meðal vor Vestur-Íslendinga en viðhald þjóðernis vors hér í landi. Í raun og veru er það að bera í bakkafullan lækinn að bæta nokkru við það. En þar sem málefnið er svo afar þýðingarmikið í sjálfu sér, ætti það að vera íhugað oft og rækilega.

Yfirleitt virðast menn vera samdóma um að æskilegt sé að vér Vestur-Íslendingar verndum þjóðerni vort í lengstu lög. Þó eru nokkrir til, og á meðal þeirra skýrir og hugsandi menn, sem halda fram að heppilegast væri að vér rynnum sem allra fyrst saman í eina heild með öðrum þjóðum, sem hér búa, mynduðum með þeim eina Kanadíska þjóð. Hvað hafa nú þessar tvær hliðar til síns máls?

Þeir sem halda fastast fram að vér eigum að vernda þjóðernið af öllum kröftum hafa oft notað orðið *þjóðerni* í of óákveðinni merkingu. Það hefir verið gert að því sem Þjóðverjar nefna *Schlagwort*, nefnilega orði, sem menn viðhafa yfirleitt og finst mikið til koma, en sem, þegar það er brotið til mergjar, hefir mjög litla ákveðna meiningu að geyma.

Þjóðerni er vanalega álitnið að vera alt það sem einkennir einhverja þjóð og gerir hana að sérstakri heild, þegar hún er borin saman við aðrar þjóðir. Í fyrsta lagi er það málið og

lundarfarseinkenni þau, sem kringumstæður liðinna tíma hafa skapað og rótfest í fólkinu. Í öðru lagi, siðir og hættir, sem lífskjör eða hending hafa myndað. Í þriðja lagi, þeir andlegir fjársjóðir, liðins og yfirstandandi tíma, sem bera á sér sérstakan þjóðarblæ. Við alt þetta er vanalega átt, þegar um þjóðerni er talað, svo ekki er að furða þó oft sé erlitt að átta sig á ýmsu því sem sagt er um þjóðernisviðhaldið.

En í raun og veru er nú þjóðernið nokkuð annað en allt þetta. Þjóðernið sjálft er ekki einkenni þau, sem á yfirborðinu gera einhverja þjóð að sérstakri heild í mannfélaginu. Flest þau einkenni eru þannig í eðli sínu að þau breytast mjög auðveldlega. Þjóðerni er lifandi tilfinning í brjóstum þeirra einstaklinga yfirleitt, sem þjóðin samanstendur af. Þessi tilfinning beinist til þjóðarinnar og landsins og kemur í ljós í vilja og þrá til að fórna einstaklingslífinu að meira eða minna leyti fyrir velferð þess. Ekkert annað en þetta er þjóðernistilfinning. Og þar sem þessa tilfinningu er ekki að finna þar er heldur ekkert þjóðerni að finna, aðeins ytri sérkenni, sem eðli sínu samkvæmt breytast með breyttum kringumstæðum.

Það er auðséð að þessi tilfinning getur ekki alment átt sér stað annarstaðar en þar sem þjóðin er í eðli sínu ein samfeld heild, þar sem menn finna til einhvers skyldleika á milli sín og allra hinna, sem mynda þjóðarheildina með þeim. Vitaskuld er sá skyldleiki að nokkru leyti undir sameiginlegum ytri einkennum kominn, en hann er engu síður grundvallaður á sögu þjóðarinnar og reynzlu á liðnum tímum.

Höfum vér Vestur-Íslendingar getað flutt með oss íslenzkt þjóðerni vestur um haf? Vér höfum óhjákvæmilega flutt með oss mál, lundarfarseinkenni og allmikið af háttum og siðum. En þjóðernistilfinninguna sjálfa? Já, efalaust höfum vér flutt hana líka.—En hvernig? Einsog jurtt, sem hefir verið skorið frá rótinni. Og öðru vísi hefðum vér alls ekki getað flutt hana, því íslenzk þjóðernistilfinning er bundin við Ísland og þjóðarheildina þar heima. Hér í Ameríku getur íslenzk þjóðernistilfinning í raun og veru ekki verið til eins og hún er eða ætti að vera á Íslandi, vegna þess að hér hefir hún engan jarðveg til að

þrífast í, og er þar að auki eins og rótarlaus stofn.

Hafa þeir menn þá nokkuð til síns máls, sem mest tala hér um verndun íslenzks þjóðernis. Já, ófafað. Þeir halda fram, og það réttilega, að vér eigum að vernda málið. Málið veitir oss aðgang að fornum og nýjum bókmentum íslenzku þjóðarinnar. Þær bókmentir eru efalaust svo merkilegar að hver sá maður af íslenzkum ættum, sem vill heita samilega vel upplýstur, ætti að læra málið til að kynnast þeim. Það er stakasta ræktarleysi við Ísland og íslenzku þjóðina að vera bókmentum hennar alveg ókunnugur eða þá að lesa þær án þess að finna það sérkennilega og þjóðlega í þeim. Og einmitt um þetta ræktaleysi erum vér Vestur-Íslendingar yfirleitt sekir. Miklu minni áherzla hefir verið lögð á viðhald lundarfarseinkennanna, enda er miklu erfiðara að gera sér grein fyrir hvað þau í raun og veru eru, og einnig að aðgreina hið æskilega og óæskilega í þeim. Frelsisþrá og sannleiksást forfeðranna hefir verið haldið á lofti sem þjóðararf vorum, er vér ættum að vernda. Þessi arfur er dýrðlegur. En vér megum ekki gleyma því, að hann einkennir íslenzku þjóðina aðeins á gullöld hennar; síðan hún leið hefir miklu meira borið á öðrum eiginleikum hjá þjóðinni. Þá hefir því einnig all oft verið haldið fram að vér ættum að viðhalda ýmsum íslenzkum háttum og siðum. Í því sambandi hefir mjög mikil skammsýni oft og einatt komið í ljós. Menn hafa álitnið að ytri lífshættir, sem eru algerlega undir staðháttum komnir héldu áfram að hafa þýðingu hvernig sem kringumstæðurnar breytast. En það er misskilningur. Alt það sem er til aðeins vegna sérstakra staðhátta á auðvitað engan tilverurétt þar sem þeir eru ekki fyrir hendi, nema að það mæti sérstökum þörfum, sem ekkert annað, sem er hinum breyttu staðháttum samkvæm-ara, getur mætt.

Hvað af þessu sem vér varðveitum hér, þá er það þjóðar- arfur; og það þarf ekki að taka fram að vér ættum að varðveita alt það gott og nýtilegt, sem er til í honum. En þessi þjóðar- arfur er ekki íslenzkt þjóðerni. Það, eins og áður hefir verið tekið fram, er tilfinning eða afstaða hvers einstaklings, sem eðli sínu samkvæmt getur hvergi verið til nema á Íslandi, þó auð-

vitað vinátta og velvilji til landsins og þjóðarinnar geti átt sér, og eigi sér stað hér. Vegna þess að álitid hefir verið að alt sem íslenzkt er væri í raun og veru jafn þýðingarmikið, vegna þess að það alt hefir verið nefnt þjóðerni, og viðhald þess hér ekki einungis verið álitid mögulegt heldur sjálfsagt, hefir svo undur mikið af þjóðrækninni hér snúist um smámuni eina; en það sem mest er áriðandi að vér verndum hefir legið við að gleymast.

Þeir, sem hafa þá skoðun að þjóðernisviðhaldið hér sé ekki æskilegt og ómögulegt, skilja það alveg rétt að þjóðerni er eitt-hvað sem ekki er hægt að flytja með sér land úr landi. Hér er nátturlega ekki átt við þá sem í hugsunarleysi apa alt nýtt, sem þeir sjá, er þeir koma hingað. En hjá þessari hlið er annan miskilning að finna, sem er ófyrirgef়anlegur hjá öllum hugsandi mönnum. Þeir segja að það standi oss fyrir þrifum að viðhalda nokkru sem íslenzkt er. Til þess að sanna að þessi staðhæfing sé rétt ættu þeir fyrst og fremst að sýna fram á, að það bezta í vorum íslenzka þjóðararfi sé lakara en það sem hérlent þjóðlíf hefir að bjóða oss. Ennfremur ættu þeir að sýna fram á, að ómögulegt sé að nota öll menningar og mentunar tækifæri þessa lands þó að þjóðararfinum sé haldið við. En hvorugt þetta er hægt að sýna fram á með rökum. Menn geta orðið alls aðnjótandi hér án þess að sleppa nokkru af því í þjóðararfi þeirra, sem hefir gildi fyrir utan íslenzka staðháttu; við hitt hafa þeir ekkert að gera. Og það bezta í þjóðararfi vorum jafnast á við það bezta sem hér er hægt að fá.

Báðar hliðarnar hafa þá mikið til síns máls, en hvorug hefir alveg rétt fyrir sér. Sú fyrri heldur fram viðhaldi þess, sem er óeðlilegt að viðhaldist hér, þar sem aðal skilyrðin fyrir tilveru þess vantar, og vegna þessa misskilnings gleymir hún að leggja rækt við það sem gæti og ætti að viðhaldast. Sú síðari hefir alveg rangt fyrir sér í því, að það sé nokkur hagur að losna við nokkuð, sem nýtilegt er á einhvern hátt, nema að annað betra komi í staðinn; og þá, þó aðeins með því móti að sýnt verði að hvað standi öðru fyrir þrifum. Það sem vér eigum að kosta kapps um að vernda og viðhalda er það góða og nýtilega í þjóðararfi vorum, sem ekki er bundið staðháttum og er nógu

almenns eðlis til að geta reynzt gott hvar sem er. Hvað það er verðum vér að hafa gert oss vandlega grein fyrir, því annars er hætt við að tilraunirnar verði of mjög út í bláinn. Væri hætt að tala um íslenzkt þjóðernisviðhald hér en meira talað um þjóðararfsviðhald, þá mundi ótrúin, sem sumir menn virðast hafa á öllu íslenzku hverfa, og framkvæmdir hinna, sem mikla trú hafa á því, mundu verða ávaxtaríkari.

G.Á.

KÖLLUN

Eftir niðurröðum kyrkjuársins í fornri tíð er einn hátíðisdagurinn nefndur "allra heilagra messa"

Allra heilagra messa er minningardagur allra þeirra er fundu köllun, og helguðu æfi sína og fórnfærðu lífi fyrir þá köllun. Og það er sá maklegasti og bezt sæmandi hátíðisdagur er Katólskan hefir enn uppfundið. Því það er ekkert sem eins er minningarvert og ætti að vera verndað frá gleymsku einsog drengilega lifað líf, manndómsfull verk, ósérhlífin og óeigingjörn æfi.

Þó nöfnin gleymist, og þau hljóta að gleymast í þúsunda og tugi þúsunda tali, þá ætti það þó ekki að gleymast að lifað hafa menn og konur líkt sett og flest alt fólk er, átt í baráttu fyrir lífi sínu, oft jafnvel liðið skort, þurft að temja sér þrek og sterkan vilja til mótstöðu við margan meðfæddan veikleika, gegn ótal tilhneigingum, en komist þó brautina á enda sigri hrósandi, lifað guðdómlegu lífi, flutt vonir mannkynsins um að betri tíð væri fyrir höndum áfram gegnum öll erfiðustu tíma-mótin.

Því það hafa verið tímamót, einsog enn virðast stundum vera ár að því, þegar öll von mannlegrar vellíðunar og siðmenn-

ingar hvílir á því hvað nokkrir menn, stór eða smár hluti þjóðanna gjöra, hve trúir þeir reynast sinni köllun, hvert þeir ná yfirhönd á vonleysi, þróttleysi, freistingum, eigingirni og hverskyns löstum, sem toga eru fólk niður á við og útaf framfara brautinni.

Það er gott segjum vér að halda lifandi minningunni um það, að slíkt fólk hefir verið til. Og er til enn. Það styrkir þá von, sem nauðsynlegust er alls, fyrir menningar viðleitni allra tíma, að þótt allir sé ekki einsog þeir eiga að vera, þó ýmislegt sé ekki einsog það á að vera, þá sé þó ætíð nokkrir, einsog menn geta framast verið, og margt einsog það á að vera.

Það tekur burtu þá örventingar hugsun hjá þeim manni er gjarna vildi reynast maður, en álitu að hann yrði sá eini er svo reyndi að lifa og verkið því ómögulegt og óvinnandi, það tekur líka burtu yfirlæti þess er tekur sér eitthvert smáræði er hann hefir gjört sér til stórræðis, og tæpast er nokkur hlutur skadlegi en sá.

Menn sem koma til vor og segja oss, að hugsjónir sé hvergi til nema á blöðum, réttlæti hvergi til nema á himnum, og drengskapur sé vara er allir hafa til sals í kyrkju og ríki, trú og landsmálum, forðist þvílíka. Þeir eru hið innra gráðugir vargar. Það er eitthvað sem þá sjálfa vantar að réttlæta með þessu, máské eigið hjarta. Og ef þeir hinir sömu ætla að skapa annað ríki betra þá er það ekki hægt með því að réttlæta hjá sér það sem þeir sakfella hjá öðrum, og segja, "já svona eru allir."—Satan kastar ekki út Satan.

Nei, það er til réttlæti, hugsjónir og drengskapur meðal manna, það var og það er, og verður, og minningar hátið allra heilagra getur ávalt haldist. Það er til köllun og menn og konur er reynast þeirri köllun trú, meðal æðri og lægri, og meðal þeirra lægstu þó undarlegt megi virðast, og miklu fleiri meðal þeirra lægri—eg kann ekki við að segja þeirra óæðri það á tæplega við—en meðal þeirra hærri.

Það eru til Gorkyar og Tolstoyar en Gorkyarnir verða altaf fleiri, enda er hópurinn þar fjölmennari.

Það eru til keisarar í bændabúningi með aðals blóð í æðum, göfugt hjarta, sigur ör á höndum.

Það er til stolt og þrúðmannleg hirð í hreysi kotungins er veitir þjóðunum tignleika og vefur lönd í dýrð og draumfegurð.

Það eru til menn, er út úr rökkur hlið lífsins, úrsvala æfisdagsins, hafa mótað manns æfi heilaga, birt hið háa í og með hinu lága, engu síður en moldin, er skotið hefir upp blómum og glitskrúði.

“Þeir sem bezt hafa sýnt að heimurinn er heimur en ekki fangelsi eða veizlusalur eða örvitahæli,” segir Nivedíta Indverska, eru þeir sem lifað hafa allt lífið tekið með það smámunalega, lítilsverða, það skuggalega og dapra, engu síður en hitt, fögnuð, gleði, meðlæti, og gjört úr því öllu eina lífsheild, fagra og fullkomna, svo að ætíð hefir mátt greina persónuna frá kríngumstæðunum, altaf verið hægt að sjá til mansins, og í verkum sínum öllum einsog hann hefir tekið á móti atvíkunum verið jafnan sá sami.

Þessir eru dýrðlingar. En leyta þeirra þurfum vér ekki eingöngu í höllum Rajanna, höfðingjanna, heldur líka í smábýlum einverunnar þar sem ljósið brennur á rjúkandi hörkveik og fótdunur hallar múgsins heyrast aldrei fyrir dyrum úti. “Í taugreptum sal,” og það kannast þjóð var við, dvelur mannlegur göfugleiki og unir sér oft vel.

En ekki þó eingöngu þar.

Það hvatar margur að þeirri heimsku nú að hvergi annarstaðar finnist réttlæti meðal mannanna sona. Allir sem betur eru settir, séu svo á óheiðarlegan hátt og lífi óheiðarlegu lífi. Þessi skoðun á rót sína að rekja til öfugrar hagfræði og öfugrar mannfélagsfræði er eignast hefir marga kennara og flytjendur nú á tímum, er þóttst hefir finna upptök alls mannlegs mismíðis og gæfugleysis í því að “sumur er af sonum sæll, sumur af fé ærnu.”

Það þarf ekki að lyfta sona byrðinni af smá sálinni og fá henni ærið fé til þess hún sýni sig.

Á meðal hins góða almennings er oft mikið andlegt heilsuleysi, svo að hið líkamlega er sem næst ekkert hjá því. Það er oft svo mjög að kyrkjur hans og samfélag, er efla eiga bræðra

fólksins heill, eru kalkaðar grafir og andlegar Lazarettur. Þar sem holdsveikin, tæringin, svartí dauði og drepsóttirnar miklu búa.

Þurfum vér jafnvel að opna augun til þess að sjá öfundsyki er einn sér öfund yfir því sem öðrum veitist? Til þess að sjá eigingirnina er einum finnst allt þakklæti, öll laun, allur orðstífr allt hið eftirsóknarverða, ætti að vera sitt hlutskipti? Til þess að sjá launvigin sem framin eru í myrkri og þukri, með baktali og rógi, til þess að sjá fögnuð yfir óförum og hrakförum, svo mikinn, að fögnuðurinn meðal 99 yfir þeim eina er liðið hefir gæfumissir rís til hæða einsog veizlukæti Austurlanda yfir brennifórnninni þá reykin leggur beint upp.

Eða smá sérgæðin, Allt þetta sézt og gengur næsta erfitt að útrýma. Klögumálin eru hávær, Jafnvel postular og guðs menn klaga hver undan öðrum.

“Járnsmiðurinn Alexander hefir gjört mér mikið illt, launi guð honum eftir verkum sínum,” segir Páll.

Allt þetta sjáum vér með aftur augun og vér ættum ekki að loka huga fyrir, að þar sem slíkt er í blóma, meðal þeirra sem hræra huga og sál innan slíks hugsunarháttar er ekki von til framfara, er ekki að leyta þeirra sem glaðir hafa tekið við köllun, verið henni trúir og sannir menn. Og það verða ekki þeir, ekki minning þeirra né verk er allra heilagra messa gjörir hátíðlega á komandi öldum. Og þó er það raunalegt því svo mætti gjarnan vera. “Hver eftir mætti vinna reynir sitt” og þótt ýmsra hlutur sé smár, er hann aldrei of smár til þess að ekki sé hægt að bera hreint hjarta og hlýjar tilfinningar til manna og mannlegrar baráttu, láta sér vera vel við það sem mönnum fær skilað áfram í heiminum, gleyma sjálfum sér svo mjög að geta glaðst af því að það er að batna, að einn sigur unninn boðar annan.

Mér finnst það ætti að vera viðmótið sem vér sýndum. “Það er svo mikið fengið, þessi áfanginn farinn,” en ekki hitt. “Það er allt eftir enn og munar minnst um það sem fengið er.” Ekki þó svo mjög af því að það er ósatt, heldur af því það er öflug afstaða þess sem stendur í fylkingu framfara sveitarinnar.

Í sjálfu sér er allt lítið og ófullkomið, allt tilheyrandi mannheimi, mannsæfin sjálf stutt, mannlegur kraftur og mannleg barátta, ef vér viljum skoða það svo, en það er samt það stærsta er vér getum tekið þátt í, og eg veit ekki hvert það eykur nokkuð vor andlegu heilbrigði að skoða það sem smæst. Að minsta kosti sá er finnur til köllunar skoðar ekkert of smátt til þess að eiga þátt í því, ekkert er leiðir til fullkomnari skilnings og réttlátara lífs. Og eftir því sem flestir gjöra sér hugmynd um guð, þá lætur hann sér jafn ant um það sem er smátt einsog það sem er stórt—hefir mest við það smáa að sýsla, því öll tilveran, í þúsundföldum skilningi, frá frumögn sólkerfanna upp til mannsins, er smá, talin sem einstaklingur, en stór aðeins í einum skilningi, tekin sem ein heild.

Finna sjálfan sig stóran en allt annað smátt, er ekki að finna köllun til æðra lífs, en miklu frekar felst það í hugsunarhætti Péturs, “Herra far frá mér, því eg er maður syndugur.” Það er meðkenning sönn og hlý, um óverðleika og vanmátt að taka við þeirri ábyrgð, þeirri baráttu og því stríði er fylgja hlýtur því að lifa sig til æðra og fullkomnara lífs. Sú köllun krefst mikils, stundum gagngjörðrar hugarbreytingar. Og játning Péturs er líka meðkenning að hugsanir og tilhneigingar sé ekki einsog þær ætti að vera, það er skörp meðvitund um það, sú meðvitund er oftast þyrfti að snerta menn en gjörir, það væri þá ekki farið eins rasandi að mörgu ráði, og góð og göfug málefni ónýtt og sett í tortryggð og fyrirlitningu einsog oft vill henda, ef svo væri; það er meðvitund um það að til þess að rísa yfir sitt fyrra ástand þurfi menn líka að greiða, gjaldið, sinnaskiftin, og og það er gjaldið er svo fjölda margir vilja komast hjá að greiða.

Þeir kannske játa, en í alvöruleysi þó, að þeir séu menn syndugir, og svo brjótast þeir fram og ætla að fara að leggja hönd á verkið sem köllunin til betra lífs heimtar, án þess að láta af synd, án þess að skifta um hugarfar, og þeir halda að þeir geti gjört verkið. Ómögulegt, þeir eru kallaðir en alls ekki kjörnir til þess. Umbóta tilraunirnar verða annaðhvort að grimnum og hjartalausum puritanismus eða léttúðarfullri hræsni.

Þá vantar anda, kærleika, þýðlyndi, réttisýni og stöðuglyndi til þess. Þeir eru enn ekki aðrir menn en þeir voru, vilja líf þeirra er ekki vaknað til umskifta.

Í orþóðoxum félagsskap hrópa menn amen og hallelúja þegar orðið kristindómur er nefnt á nafn en gjöra þó gaman að öllum þeim setningum í daglegu lífi er kristnin setur.

Í frjálstrúar hóp þegar orðið skynsemi, réttisýni, æra, er nefnt á nafn hrópa allir "rétt,! rétt.!"

En hve margir hafa galdið gjaldið, hreinsað hugann af römustu hjátrú og hleypidómum? Er það ekki eins og hungruðum manni sé gefin matur, ef einhver fær grafið upp einhvern hleypidóm er auðkendi barbarisku fornaldarinnar og og skrælingja tímabilið, vitranir, lækningar með handa álagningu, samstefning í jarðhúsum, láta anda tala niðri sér, og er ekki ýmsum er þykir þetta hunangssætt? Aðeins það sé ekki eftir öllum nótum biblíunnar og kyrkjunnar heitir þetta frjálislyndi, skynsemi, rannsóku og vísindi. Nei, gjald er ógaldið, viljanum er ekki stefnt í þá átt að færa skynsemina inn í hið daglega líf, gjöra greinármun á því sem er fásinna, hvert það er nýtt eða gamalt, og hvað sé skynsemi, að fornu og nýju.

Það sem eg dáist mest að meðal dýrðlinga hinnar katólsku kyrkju frá fornri tíð, er það hve fast og áreiðanlega og samvizkusamlega þeir guldu gjaldið, þegar þeir sögðu já við kalli sinnar trúar og tíðar, til fullkomnara lífs. Það já þýddi já um alla æfi eftir það! Menn gengu úr veizlu salnum, úr bardaganum, jafnvel úr hásetinu, tóku sér staf í hönd of fararklæði. Eftir það fylgdu þeir fram því sem köllunin heimtaði af þeim, fóru kennandi, hjúkrandi og hughreystandi út á meðal allra þjóða. Þeir settust að á hinum ömurlegustu stöðum, innanum skógana, út með vötnum, upp með fjöllum, þar sem mannshöndin hafði ekkert gert áður, þar sem engin rödd hafði talað til hinna fávísu mannlegu innbyggjenda, í sorg og gleði, um alvarleik, réttlæti og kærleika lífsins, opnuðu fyrir sálum þeirra nýjan heim um leið og þeir umsköpuðu eyðimörkina í kringum sig í nýja jörð. Og utan um þessi setur þeirra risu upp bæir, borgir með iðnaði og mentun.

Börnum heiðingja þjóðanna var smám saman kent að skilja hvert annað, einni kynslóðinni aðra með því að geta fært hugsanir sínar í letur og lesið svo úr því letri.

Yfir hjarðmennina á heiðunum, fiskimennina við vatnið, veiðimennina í skógunum, hermennina í valnum breiddu þeir frið og ró, lokuðu augum þeirra í dauða og yfir til stríðandi lýðs færðu þeir blessun og friðarhægð við hvert velunnið starf. Stríðið mýktu þeir, fögnuðinum veittu þeir mannúð og hlýleika, en sjálfir gleymdust þeir gjörsamlega svo enginn kunnir nöfn þeirra að nefna eftir að öld var liðin yfir moldum þeirra.

En verk þeirra var unnið og það hélt áfram að bera ávöxt, og enn til þessa dags vita allir að það voru einhverjir er þetta gjörðu, heimurinn ber vitni um það, en hvað þeir hétu, hvernar þjóðar þeir voru, hversu þeir litu út, veit enginn, og gjörir líka minna til, því þó nafnið eitt geymist er það lítil greining eftir 1000 ár.

En minning fjölda þessa manna, er lifað hafa eins og góðvættur meðal þjóðanna, hefir búið til ýms nöfn og ýmsar sagnir um þau nöfn. Ekkert þó ábyggilegt, en það eru minnisvarðar, þeirra tíma, er þakklát mannfélög reistu æfistarfi góðvinanna, meðan menn enn ekki kunnu að höggva til steina og letur á þá, til að merkja leiði þeirra.

Mér hefir oft komið til hugar, hversu furðulegt, og hve mjög það ætti að örfa til framsóknar, þá er nú ganga daglega um eða koma endrum og eins, í borgir þær er vaxið hafa upp til þrifa og menningar á blettum þeim er höndur þessara manna ruddu úr frumskógunum.

Borg þessi er fyrst reist og stofnuð af manni, er hafði köllun og hlýddi henni til dauðans.

Manni er hafði köllun. Slíkir minnisvarðar eru manni á aðra hönd hvar sem maður fer. Ekki eingöngu í gömlum löndum, heldur líka í nýjum löndum. Hér út um allt, út um bygðir vorar. Hver getur látið sér önnur orð fara um huga er hann ekur um sléttan veg með ökrum á báðar hendur, og sér húsinn standa einsog útvörð lífs og menningar á dreyfingi um sléttunna. Þetta eru minnisvarðar manna er höfðu köllun.

Hve miklu síður kæmi þau orð í hug, þótt farið væri um grafreit þar sem steinn stæði við stein greyptur gullnu letri. Það væri hægt að lesa þar ótal nöfn, en hvað táknuðu þau nöfn, að væri ennþá drepsóttir í heimkynnum manna—grasið væri slegið og þurkað—ein kynslóðin kæmi og önnur liði undir lok, að æfi mannsins væri hverfandi. Vér læsum í grafreitunum á “bók hinna dauðu,” í aldingarði einyrkjanna, lifandi orð.

Ýmsir skifta auði, út er borinn sá dauði, og bezt að sem mestum andlegum og veraldlegum auði væri að skipta.

Það eru þeir er gjört hafa heiminn ríkan án þess sjálfir á andlega vísu að hafa orðið að taka tífalt meira en þeir gáfu er með sanni mega heita helgir menn. Án þess sjálfir á andlega vísu að taka tífalt meira en þeir gáfu, segi eg, því það er hægt og það ber við. Það er til að menn útrýni auðmýkt og undirgefni-hætti, en taki aftur á burt alvöru, virðingu, lotningu og allan skilsmun á göfugu og ógöfugu, háleitu og hversdagslegu, og mér er til efs hvert mannfélagið getur nokkurri sinni gjört annað en harmað tilveru slíkra manna. Sönn siðmenning má aldrei missa lotningu alvöru og virðingu—það eru megin þættir alls mannlegs ágætis—fyrir sannleika og æðri sýnum. Eintóm neitun, hneixlanir, aðfinsla, hártogun, lítilsvirðing, er sú beinasta braut sem til er, til manndómslaus helvítis og andlegs dauða.

Þeir hvort heldur Kathólskir, heiðnir eða prótestantískir er gefið hafa heiminum meiri gæði en þeir hafa tekið, átt köllun og fylgt henni, þeir eru dýrðlingar, helgir menn, er vér getum ei annað en getið með þakklátsemi og helgast við að rifja upp minningu þeirra. Hver sá maður er finnur til þess, að til er annað og æðra líf en það sem hann lifir, hann ósjálfrátt, gjörir játningu sína með Pétri, “eg er maður syndugur” og hann gjörir heiminn betri með æfi og erviði, að öðlast það líf. En sá sem finnst hann vera búinn að öðlast það fullkomnasta er heimurinn hefir að bjóða, þótt hann “hafi elskað og lifað,” hann smækkar og veikir framfara viðleitni manna.

Sá sem þykist helgaður af trú, svo hann drýgi ekki frammar synd, sé betri en aðrir, sá sem þykist fyrir lítilfjörlegan jábróðurs

starfa í einhverjum velmeintum félagsmálum hafa unnið sér helgun, svo köllun hans til mannglegrar hjálpar sé uppfyllt, hann er maðurinn er ætlar að greiða köllunargjaldið einsog Peer Gynt, eða í sem smæstum eyri, er velþóknunar mynt mannfélagsins fær mótað. Hann myndi helst kjósa að vera Pétur hin síðari og bora eftir skatt peningnum inn í fiskjar munninn. Það er ekki maðurinn er breytt hefir andlegri eyðimörk í aldingarð, né nokkurri eyðimörk.

Bærinn hans heitir Gröf og sveitin Stóra-Gröf.

Mennirnir er átt hafa köllun hafa verið margir og vér minnumst þeirra með lotningu og þakklátssemi. Í liðinni tíð eru þeir ef til vill fleiri utan heldur en innan kyrkjunnar, en ávalt voru það menn er fundu til þess að þeir voru syndugir, að til voru hreinni áform, heilli hugur, heitari trú en þeir báru, og þeir leituðu þess.

Ýmsir er kyrkjan hefir nefnt dýrðlinga hafa orðið svo óláns-samir að verða meir til ógæfu en gæfu, að bein þeirra geymdust og voru notuð til ákyssingar og helgra dóma, er tók burt frá mönnum meira sjálfstæði, meiri manndóm en þeir gátu flutt inn til þeirra með öllum sínum kenningum. Meðal þeirra mætti jafnvel telja Meistarann sjálfann. Hve mjög hefir ekki krossinn hans verið notaður til þess að krossfesta á sanngirni og vit, og síðu blóðið til að úthella blóði, kenna heilbrygðum sálum að beygja sig undir hindurvitni og hræsni og skrök.

En svo má tæplega telja það þeirra sök, það sem misskilningur og skilningsleysið smíðar. Mennirnir er brendir hafa verið og óskunni kastað út í vind og vötn, eru þeir, er dauðir hafa ekki burttekið það sem þeir lifandi veittu heiminum. Tilvera þeirra verður jafnan til lífs og blessunar vorri jörð. Það eru vísindamennirnir sönnu, allir heilagir leitendur og efunar menn. Hve mjög þeir hafa verið fúsir að gjalda gjaldið er köllun þeirra ákvað sýnir sig bezt, að þeir ekki eingöngu lögðu alla æfi út fyrir sannleiks leitun sína, endurgjaldslaut frá öllum og urðu svo að biðja sér beininga, heldur líka lífið, er það var heimtað, af blindum lýð.

En svo eru líka til á vorum dögum og vor á meðal dýrðlingar í þeim rétta skilningi er eiga köllun og eftir fremsta megni reyna að uppfylla hana. Vér leytum forgefins ef vér ætlum að reyna að finna þá alla meðal þeirra er á opinberum stöðum standa, það er minstur hluti þeirra þar. Þeir eiga flestir verka hring þar sem fáir sjá til þeirra og þeir vinna verk sín af hendi með velvilja og trúmensku. Nöfnum þeirra allra getur enginn safnað en komandi tíð getur bent á að þeir hafi verið til. Því hversu sem á yfirborði þjóðfélagsins ýmislegt virtist ætla að fara aflaga hélt þó þjóðin horfi og allt fór vel. En það var vegna þess að þar var margur er átti köllun og vann sitt hlutverk.

Það að eiga köllun og rækja hana vel er það göfugasta sem til er og það einkennilegasta að það styrkir menn við öll önnur störf og gefur þeim enn varanlegra gildi. Og með minningu allra hinna heilögu manna sona, minnumst þess, að helgi dómurinn felst í engu öðru en því að vilja sér til framtíðarlífs það háleitasta er hugur manns fær gripið og lifa því og framfylgja sem drengilegast að maðurinn má. Og að muna eftir því þegar það val er gjört að líf hvers um sig er ekki eingöngu fyrir hann einan heldur fyrir samfélagið í heild, svo að árangurinn verði til sem almennastrar blessunar.

Og mig langar til að bæta því við hér, er eg hefi áður sagt á öðrum stað, að það er ekkert eins ljúft, ekkert eins hátíðlegt, einsog að lifa sig inn í minningu þess eða þeirra er sjálfir hafa lifað vel og verið því til lífs er þeir álitu göfugt og guðdómlega satt. Þeir verða leiðar ljósin, þeir sem vísa veginn, þeir sem ferja yfir fljót dauðans, og þeir sem helga bygðir.

R.P.

BREYTING EF EKKI FRAMFÖR

Þýtt úr "The Christian Register"

Eitt af hinum gleðilegu einkennum tímanna er að finna í staðhæfingum þeim, sem evangelískir guðfræðingar og ritstjórar

stundum gera, að hinar dökku hliðar guðfræðinnar, sem orsökkuðu mótmæli og aðskilnað. Únítara frá kristnu kyrkjunni fyrir rúnum níutíu árum, sé horfnar svo að ýngra fólkið í evangelísku kyrkjunum þekki þær ekki lengur. Sumir jafnvel ganga svo langt að segja að þeir hafi aldrei heyrt ræðu um persónulegan djöful og helvíti. Samt sem áður er ekki ár síðan að vel þekt orþódoxt blað flutti grein eftir vel metinn gamlan samverkamann, þar sem haldið var fram í orðum, sem ómögulegt var að mis-skilja, trú hans á persónulegan djöful; og þar með fylgdi sú staðhæfing, að neitun tilveru hans væri að rengja sannsögli guðspjalla höfundanna. Þrátt fyrir þetta er enginn vafi á að mikil breyting hefir átt sér stað, og að hún nær til leiðtoganna í öllum kristnum trúfélögum.

Á síðastliðnum fimm árum höfum vér tekið eftir undarlegum hlutum. Í hálfra öld hafa Únítarar vitað að gagnrýnin, sem hefir raskað trúnni á kraftaverk gamlatestam, hlyti einhvern tíma að ná til þess nýja. Fyrir fimm árum höfðu margir rétttrúaðir guðfræðingar viðtekið breytingar á sögum gamla testam. viðvíkjandi sköpun heimsins, syndaflóðinu, kyrstöðu sólarinnar á braut sinni, flugi Elía og Jónasi og hvalnum. Þeir voru reiðubúnir að játa að þetta væri ekki sögulegar frásagnir samkvæmt nútíðar skilningi, en sagnir sagðar af mönnum í þá daga í þeim tilgangi að flytja kenningu, að færa mönnum heim síðferðislega umvöndun, eða þá til að mikla veg og gengi hebresku þjóðarinnar. Smám saman var breytingin viðtekin með þeirri skoðun, þó oft mótmælt, að þetta snerti á engan hátt grundvöll kristindómsins. Einn auðsær sannleikur gleymdist opt. Ef sagan um fall mannsins í garðinum Eden var goðsögn, eða líking, þá var aðal grundvöllur friðþægingarkenningarinnar tekinn í burtu. Þeir sem að héldu fram áreiðanleik hinna gömlu sagna höfunda sáu þetta, og bygðu á því röksemdafærslu gegn breyttum skoðunum á gamla testam. sem safni af sögulegum ritum.

Þeir sem fylgdust með nútíðar rannsókn og gagnrýni sáu fullvel að samskonar breytingar og þær, sem eyddu trúnni á kraftaverk gamla testam. mundu einhvern tíma raska þeirri trú

sem bygðist að kraftaverkum þeim sem frá er sagt í nýja testam. Þessi sannfæring komst inn hjá mörgum vel lærðum mönnum í evangelískum ræðustólum og skólum, en það var hátíðleg þögn um tíma. Heiðarlegir og guðhræddir menn óttuðust að ógæfileg meðferð á véfréttum trúarinnar mundi orsaka viðtæka eyðileggingu og kasta skugga á trúna, sem mundi eyða von og draga úr huggun kristinna manna.

Hefði rétttrúaður kristinn maður, góður og gildur meðlimur kyrkjufélags, sett sig á bekk með Theodor Parker og öðrum únítarískum vantrúarmönnum síðustu kynslóðar og neitað áreiðanleik ritanna mundu margir hafa svarað: "Er þá þjónn þinn hundur að hann geri slíkt?" Vér verðum að játa, að það virtist ómögulegt, að minsta kosti á vorri tíð, að efasemdir um áreiðanleik guðspjallanna og heimildir höfunda þeirra mundu koma fram, en samt hefir þetta og miklu meira átt sér stað.

Hin íhaldsama únítaríska afstaða, sem var tekin á fyrri hluta síðast liðinnar aldar var, að guðspjöllin fjögur hefðu verið rituð af mönnum, sem voru sjónarvottar og færir um að segja frá því sem þeir höfðu séð og heyrt, og að þeir hefðu liðið fyrir trú sína og vitnisburð. Síðan hefir verið sannað óhrekjanlega að Markúsar guðspjall varð til á undan þeim, sem bera nafn Matteusar og Lúkasar, og að þeir rituðu upp frásögn hans; þeir fylgdu viðburðunum grein fyrir grein, á þann hátt, að það er fullsannað að þeir notuðu hans guðspjall sem undirstöðu fyrir sín eigin. Þeir gilda þess vegna ekki sem sjónarvottar að því sem þeir segja frá. Þar sem þetta var sannað var líklegt að guðspjöllin fjögur væri yngri en alment hafði verið viðtekið. Þegar ekki var lengur nauðsynlegt að rengja vitnisburð þess sem þóttist hafa verið sjónarvottur, og þegar það varð alkunnugt, nokkru síðar, að menn voru ekki að lýsa hlutum eins og þeir í raun og veru höfðu verið, heldur miklu fremur eins og þeir álitu að þeir hefðu átt að vera, þá voru hugir margra losaðir úr fjötrum viðtekinna skoðana, og menn, sem höfðu evangelíska trú fóru að skoða sig frjálsta að efast jafnvel um kraftaverk nýja testam.

Breytingin hefir komið svo snögglega að erfitt er að átta sig á henni. Afturhvarfs prédikararnir hafa ekki veitt hinni nýju gagnrýni móttöku. Í morgun barst oss bréf með staðhæfingu prests eins í, að hann standi ennþá stöðugur við "blóðtrúna" og það eru margir sem skoða hina nýju gagnrýni blekkingu og tálsmöru. En það er játningarfrelsi og lausn frá ótta við álas nú til, sem jafnvel ekki var hægt að sjá fyrir fyrir fimm árum; og það er, þrátt fyrir breytingarnar sem á hafa orðið, minni ótti og uggur í kyrkjunum og trúflokkunum, sem sýnir hvað ágengt hefir orðið, og að það er ekki lengur álitid vel við eigandi að bannfara merkisbera nýs sannleika, sem með ljósi sínu eyða myrkri liðinna alda.

“UNDIR OKI MEÐ VANTRÚUDUM”

Smásaga eftir Rudyard Kipling

“Eg dey fyrir þig, og þú deyrð fyrir annan” — Punjab spakmali

Þegar að Gravesend hafnsögubáturinn skildi við P. & O. gufuskipið, sem var að leggja af stað til Bombay, og snéri við til að ná í járnbrautarlestina til bæjarins, þá var margt fólk á honum sem grét. En enginn grét þó meira, og enginn duldí minna tilfinningar sínar en ungfrú Agnes Laiter. Hún hafði góða ástæðu til að gráta, vegna þess að eini maðurinn, sem hún hafði nokkurn tíma elskað, eða gat nokkurn tíma elskað, að hún sagði—var að leggja af stað til Indlands; og Indland, eins og allir vita, skiftist á milli myrkviðarins, tígranna, eiturslanganna, kólerunnar og innlendu hermannanna.

Phil. Garron var einnig mjög óhamingjusamur, þar sem hann hallaðist út yfir borðstokkinn á skipinu í rigningunni; en hann grét ekki. Hann var sendur út þangað í “te”. Hvað það þýddi hafði hann ekki minstu hugmynd um, en hann ýmyndaði sér að hann mundi eiga að ríða fjörugum hesti yfir hæðir þaktar terunnum, og ætti að fá geysihátt kaup fyrir að gera þetta; og hann var frænda sínum mjög þakklátur fyrir að hafa

útvegað sér far. Hann ætlaði nú að bæta fyrir fult og alt sitt fyrra óstöðuglyndi, spara mikinn hluta af hinu geysiháa kaupí sínu á hverju ári, og koma aftur eftir mjög stuttan tíma til að giftast Agnesi Laiter.

Phil. Garron hafði tekið það rólega á kostnað vina sinna í þrjú ár, og þar sem hann hafði ekkert að gera varð hann náttúrlega ástfanginn. Hann var mjög skemtilegur, en hann var ekki ákveðinn í skoðunum sínum, og þó honum yrði aldrei veruleg skissa á, voru vinir hans samt mjög þakklátir þegar hann kvaddi, og fór til sinnar dularfullu "te"—vinnu nálægt Darjiling. Þeir sögðu: "Guð blessi þig drengur minn. Láttu okkur aldrei sjá þig framar"—eða að minsta kosti, þetta var það sem Phil. var gefið í skyn.

Þegar hann sigldi var hann fullur af ráðagerðum um að reynast mörg hundruð sinnum betri en nokkur hefði viðurkent að hann væri—að vinna eins og hestur og giftast Agnesi Laiter hátíðlega. Það var margt gott við hann fleira en það að hann var laglegur; eini galli hans var að hann var ósjálfstæður, svólitla agnar vitund ósjálfstæður. Hann hafði álíka mikið vit á að spara og morgunsólin; en samt var ekki hægt að benda á nokkuð eitt og segja: "Hér er Phil Garron eyðslusamur eða skeytingarlaus." Ekki var heldur hægt að benda á neinn sérstakan löst í fari hans; en hann var ófullnægjandi og lét undan eins og kítli.

Agnes Laiter gegndi skyldum sínum heima. Fólk hennar með rauð og þrútin augu mótmælti trúlofuninni, á meðan Phil var á leiðinni til Darjiling—"hafnar við Bengal hafði," eins og móðir hans var vön að segja vinum sínum. Hann var ágætlega liðinn á skipinu, eignaðist marga kunningja og hóflegan drykkju-reikning, og sendi gríðar löng bréf til Agnesar Laiter frá hverjum viðkomustað. Svó fór hann að vinna á teökrunum, einhversstaðar á milli Darjiling og Kangra, og þó að kaupíð, hesturinn og vinnan væru ekki alveg eins og hann hafði ímyndað sér, komst hann allvel áfram, og þakkaði sjálfum sér óþarflega mikið fyrir þolgæði sitt.

Smám saman, eftir því sem hann vandist öllu meira og vinnan varð stöðugri í huga hans, stóð andlit Agnesar Laiter honum sjaldnar fyrir hugskotssjónum, kom aðeins þegar hann hafði ekkert að gera, sem var sjaldan. Hann gleymdi henni alveg kanske hálfan mánuð í einu og mundi svo eftir henni alt í einu eins og skóladrengur, sem hefir gleymt að læra lexíuna sína. Hún gleymdi ekki Phil, vegna þess að hún var ein af þeim sem aldrei gleyma.

Aðeins, annar maður—verulega æskilegur ungur maður—kom til frú Laiter, og möguleikarnir að giftast Phil voru eins fjarri og áður; og bréf hans voru svo óábyggileg; og óskir fjölskyldunnar kreptu að stúlkunni; og biðillinn var ákjósanlegur hvað tekjurnar snerti; og endirinn varð sá að Agnes giftist honum, og skrifaði regulegt æðandi fellibyls bréf til Phil. í Darjiling óbygðunum, og sagði að hún mundi aldrei framar líta glaðan dag á æfi sinni; sem var sannur spádómur.

Phil fékk bréfið og áleit að illa hefði verið með sig farið. Þetta var tveimur árum eftir að hann kom frá Englandi. En með því að hugsa stöðugt um Agnes Laiter, og horfa á mynd hennar, og hæla sjálfum sér fyrir að vera einn hinn staðfastasti elskhugi í allri sögunni, ímyndaði hann sér að mjög illa hefði verið með sig farið. Hann settist niður og skrifaði síðasta bréfið—reglulega sorglegan—“að eilífu amen” pistil; og útskýrði hvernig hann skyldi reynast trúr til eilífðar, og að allar konur væru líkar, og að hann mundi fela sitt harmþrungna hjarta, o.s. frv., o.s. frv.; en ef einhvern tíma síðar, o.s. frv., o.s. frv., hann gæti beðið, o.s. frv., o.s. frv., óbreyttar tilfinningar, o.s. frv., o.s. frv.; snúa aftur til sinnar fyrri ástar, o.s. frv., o.s. frv.—átta þétt skrifaðar síður. Frá listarlegu sjónarmiði skoðað var það mjög laglega gert, en vanalegur hversdags maður, sem hefði þekt Phils verulegu tilfinningar—ekki þær sem hann hafði á meðan hann skrifaði bréfið—hefði kallað það fyllilega auðvirðilegt og sjálfelskufult verk eftir algerlega auðvirðilegan, eigingjarnan og ósjálfstæðan mann. En þessi dómur hefði verið rangur. Phil borgaði burðargjaldið og mundi eftir hverju orði, sem hann hafði skrifað, að minsta kosti í hálfan

þriðja dag. Það var síðasta blaktið áður en ljósið slokknaði.

Þetta bréf gerði Agnesi Laiter mjög óhamingjusama. og hún grét og faldi það í skrifborðinu sínu, og varð frú Einhver-önnur til þæginda fyrir fólkið sitt; sem er hin fyrsta skylda hverrar kristinnar stúlku.

Phil hélt sína leið og hugsaði ekki meira um bréf sitt en listamaðurinn um laglega gerðan uppdrátt. Framferði hans var ekki slæmt, en það var heldur ekki að öllu leyti gott, þar til hann komst í kynni við Dunmaya, dóttur uppgjafa fyrirliða í innlenda hernum. Það var dálítið af fjallablóði í stúlkunni. Hvar Phil komst í kynni við hana eða hvernig hann heyrði hennar getið gerir ekkert til. Hún var góð og lagleg stúlka, myndarleg og hyggin á sína vísu, þó dálítið hörð í horn að taka.

Þess ber að geta að Phil lifði mjög þægilega og neitaði sér ekki um nein smá þægindi, hann lagði ekki einn eyri til síðu. var mjög ánægður með sjálfan sig og sínar góðu fyrirætlanir, hann hætti smám saman að skrifa heim til Englands og skoðaði Indland sem sitt eigið land. Sumir menn fara svona, og þeir eru til einskis nýtir eftir það. Loftslagið var gott þar sem hann var, og honum virtist að hann hefði í raun og veru ekkert að sækja heim.

Hann gerði það sem margir teyrkjumenn höfðu gert á undan honum—það er að segja, hann afréð að giftast fjallastúlku og setjast að. Hann var tuttugu og sjö ára þá, með langa æfi fyrir höndum, en engan kjark til að ganga í gegnum hana með. Svo giftist hann Dunmaya, samkvæmt síðum ensku kyrkjunnar og sumir samverkamenn hans sögðu að hann væri heimskingi, og sumir sögðu að hann væri vitur maður. Dunmaya var í alla staði heiðarleg stúlka, og þrátt fyrir virðingu þá sem hún bar fyrir Englendingum gat hún séð galla manns síns. Hún stjórnaði honum mjög gætilega og varð á minna en einu ári vel þolanleg eftirmynd af enskri frú í klæðaburði og látbragði. (Það er einkennilegt að fjallamaður er eftir æfilanga mentun fjallamaður, en að fjallakona getur á sex mánuðum náð fyllilega flestum einkennum enskra kvenna. Það var einu sinni vinnukona. Eu

það kemur ekki þessari sögu við.) Dunmaya kaus sér helst að klæðast í svart og gult og leit vel út.

En á meðan lá bréfið í skrifborði Agnesar, og aftur og aftur hugsaði hún um veslings viljafasta og óþreytandi Phil á meðal eiturslanganna og tígranna í Darjiling, vinnandi í þeirri órætanlegu von að hún gæti komið til hans aftur. Maðurinn hennar var tíu sinnum betri en Phil, nema hann var hjartveikur. Þremur árum eftir að þau giftust—og eftir að hann hafði reynt Nice og Algier sér til heilsubótar—fór hann til Bombay, dó þar og losaði Agnesi við öll bönd. Þar sem að hún var guðhrædd kona leit hún á dauða hans og staðinn, sem hann skeði á sem bein afskipti forsjónarinnar, og þegar hún var búin að ná sér aftur eftir sorgaratburðinn tók hún bréfið frá Phi með o.s. frv. o.s. frv. og stóru strykunum og litlu strykunum og marglas það og kysti það hvað eftir annað. Enginn þekkti hana í Bombay; hún hafði tekjurnar mannsins síns, sem voru miklar, og Phil var ekki langt í burtu. Það var náttúrliga rangt og ílla samandi, en hún afréð, eins og kvenhetjurnar í skáldsögunum, að finna gamla elskhuga sinn og bjóða honum hönd sína og gull, og eyða því sem eftir væri æfinnar með honum einhverstaðar langt í burtu frá samhygðarlausum sálum. Hún sat tvo mánuði alein í Watsons hótelinu og hugsaði um fyrirætlun sína; og myndin var falleg. Svö lagði hún af stað að leita að Phil Garron, aðstoðumanni á teekru með nafni, sem lítt mögulegt var að bera fram.

Hún fann hann. Hún var mánuð að því, því staðurinn, sem hann vann á, var alls ekki í Darjiling héraðinu, heldur nálægt Kangara. Phil var mjög lítið breyttur, og Dunmaya var mjög alúðleg við hana.

Það versta og smánarlegasta af öllu í sambandi við þetta er, að Phil, sem í raun og veru er einskis virði, var og er elskaður af Dunmaya og meir en elskaður af Agnesi, sem hann virðist hafa gert óhamingjusama alla sína æfi.

En verra en allt annað er, að Dunmaya er að gera hann að almennilegum manni; og að hann á endanum frelsast frá glötun fyrir hennar tilsögn og umhyggju.

Sem er augsýnilega rangt.

MOLAR

Það er enginn þrældómur líkur þrældómnum sem maður skapar sér sjálfur, enginn sem heldur manni eins í fjötrum. Í voru bezta og hæsta sálarástandi sjáum vér allir þann sannleika, held ég, að vér aldrei fáum, né getum fengið, borgun fyrir það bezta, sem vér getum nema með því að gera það. — *F. L. Hosmer.*

Sá sem berst með straumum, sem lætur ekki stjórnast af háum lífsreglum, sem hefir engar hugsjónir, engar sannfæringar, —sá maður er ekkert nema dauður hlutur innan um skran heimisins, hlutur sem er hreyfður, í staðinn fyrir að vera lifandi tilvera, er hreyfist af sjálfsdáðum; bergmál en ekki rödd. — *Amiel*

Eins og morgunsólin sópar myrkrunu frá heiminum, gef að vér megum í dag sópa skuggunum burt frá einhverju óhamingjusömu hjarta. — *Stevenson.*

Eg trúi að það sé réttur mannsins að búast við að vera hamingjusamur eins og hann býst við að vera hraustur. Eg trúi að hamingjan ætti að vera regla en ekki undantekning, því hamingjan er heilsa hins innra manns. — *Charles F. Dole.*

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.
Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

Gefin út af hinu Íslenska Únítaríska Kyrkjufelagi í Vesturheimi.

ÚTGÁFUNEEND:

Rögnv. Pétursson Hannes Pétursson
G. J. Goodmundson Guðm. Arnason
Friðrik Sveinsson Gísli Jónsson

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðvikjandi sendist til Guðm. Árnassonar, 577 Sherbrooke St. Peninga sendingar sendist til Hannesar Péturssonar, Union Bank, 577 Sargent Avenue.

THE ANDERSON CO., PRINTERS